

4. Stjórnarfundur UMSB haldinn í Borgarnesi 15. ágúst 2017.

Mættir: Sólrún Halla, Anna Dís, Guðrún, Pálmi og Kristín.

1 - 2 . Sambandsstjóri setur fundinn og ber upp til atkvæða fundargerð síðasta stjórnarfundar, hún samþykkt og undirrituð.

3. Formannafundur. Undirbúa þarf haustfund formanna, finna tíma og stað og dagskrá.

* Samþykkt að stefna á 5. okt í Lyngbrekku og reyna að fá félögin þar til að halda hann.

Pálmi vinnur í því.

* Á dagskrá verða reglugerðarbreytingar og þær breytingar sem bornar voru upp á vorfundinum lagðar fram óbreyttar.

* Húsbyggingarnefnd. Elva hefur sagt sig úr nefndinni og Pálmi leitar með logandi ljósi að konu til að taka hennar sæti. Sigurður Guðmundsson getur ekki heldur tekið sætið þar en tilnefndi Hlyn Ólafsson í sinn stað. Húsbyggingarnefnd hefur haldið einn fund og stefnir að ferð til Reykjavíkur að skoða fjölnota íþróttahús og rekstrarfyrirkomulag slíkra húsa. t.d. Egilshöll og fl.

* Sexí fyrirlestur ? Samþykkt að reyna að fá Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur til að halda stutta tölu um jákvæð samskipti í félögum. **Sólrún Halla tekur að sér að semja við hana.**

* Heilsuefandi samfélag þarf að kynna og miðla. Á fundinum þarf að afla upplýsinga um hvað eða hvort eitthvað er að gerast hjá félögum í þessa átt.

* **Pálmi setur saman dagskrána.**

4. Unglingalandsmót á Egilsstöðum. Sólrún veltir fyrir sér hvort samböndin eigi að vera að brasa í að vera með samkomutjald og þ.h. Henni þótti það lítið notað en þó kom þar fólk og átti samveru og dýrmætast var að stundum sátu unglingar úr ýmsum áttum og spjölluðu yfir kakóballa. Hún veltir upp spurningunni hvernig við getum þétt raðirnar og samstarfið við hin samböndin líka í tjaldbúðamálunum. Virkja tjaldbúðastjóra.

Spurning kom um af hverju UMSB niðurgreiðir ekki skráningargjaldið á ULM. Stjórninni þykir gjaldið það lágt að fólk sé það engin vorkunn og nær að nýta þá fjármuni heima fyrir.

5. Göngunefnd UMSB. Sólrún komst yfir þessa sem heitir Perlur Fljótsdals og lýsir gönguleiðum þar. Hægt að kaupa sér kort sem veitir aðgang að stimplum fyrir gengnar leiðir og verðlaun eru fyrir ákveðinn fjölda stimpla. Til eru lýsingar að gönguleiðum í Borgarfirði og vilji hjá stjórn að nýta þær og búa til þessa sem nýttist fólk á göngu og til umbunar fyrir þá sem eru röskir. Þetta þarf að kynna fyrir heilsuhóp og virkja göngunefnd. Upplagt talið að sækja um styrki til verkefnisins hjá UMFÍ og heilsuefningarsamfélagi. *

Pálmi athugar hvort Sigurjón Einarsson er fánlegur til að taka eitthvað saman og setja upp og nýta þá styrki ef fást til launa og prentunar.

6. Styrkir - yfirferð umsókna. 5 gildar umsóknir 4 frá einstaklingum og 1 frá hóp. 200 þús í pottinum. Ákveðið að tæma ekki sjóðinn svo önnur úthlutun geti farið fram í haust ef sótt verður um. Samþykkt að hópurinn fái 50. þús og hver einstaklingur 20 þús.

Skallagrímur 3.flokkur karla í fótbolta sem fór á Barcelona summer cup 50.000,-kr.

Ingibjörg Rósa Jónsdóttir v. æfingaferð landsliðshóps unglinga í badminton 20.000,-kr.

Marinó Þór Pálmason v. Copenhagen invitational með U15 í körfubolta 20.000,-kr.

Bjarni Guðmann Jónsson v. Norðurlanda og Evrópumót með U18 í körfubolta 20.000,-kr.

Sigurður Aron Þorsteinsson v. Norðurlanda og Evrópumót með U16 í körfubolta 20.000,-kr.

7. Næstu stjórnarfundir. stefnt að 3 þriðjudag í mán í vetur.

* 19. sept - Lundur

* 5. okt formannafundur og fyrir þann fund þarf vinnufund stjórnar.

* 21. nóv - Borgarnes.

* 12. des - Hvanneyri.

* 2. jan - Borgarnes.

* 6. febr. - Reykholtaldur (Anna Dís)

* 20. febr Vinnufundur í Borgarnesi vegna Sambandsþings.

* 8. mars - Sambandsþing.

8. Önnur mál.

* Anna Dís hefur gengið frá því að fá 10 rafmagnsstaura frá RARIK til að gera hreyfitæki úr. Hún velur staurana og tekur þá til handargagns heim í Deildartungu þar verður hægt að ganga að þeim þegar teikningar og staðsetningar verða komnar.

Kanna þarf á formannafundi hvort áhugi er hjá félögum til að nýta staura til tækja sem verða þá hjá íþróttamannvirkjum viðkomandi félaga.

* Guðrún kynnti fulltrúa Dansíþróttafélagsins í uppstillinganefnd og það er Ástríður Guðmundsdóttir.

* Pálmi kynnti helstu verkefni sín.

- Tímataflan er í smíðum.

- Unnur Jónsdóttir hefur verið ráðin íþróttþjálfari í íþróttaskólann til að kynna og þjálfa ýmsar greinar.

- núverandi búningar eru útrunnir og samþykkt að reyna að fá nýjan búning sem er eins líkur núverandi og kostur er.

- Pálmi óskaði eftir leyfi til að taka að sér körfuboltaþjálfun hjá yngstu í vetur (um 2. tímar á viku) það var veitt.

- Fengist hafa fjármunir í að laga strandblakvöllinn á Varmalandi og Grétar í Höll og Brynjólfur í Hlökkutúni ganga í það. 150 þús er upphæðin.

- Landsmót 50+ verður hjá okkur 2020.

- Lottóútreikningar og útgreiðsla gekk athugasemdalaust fyrir sig.

- Verið að græja nýja fartölvu fyrir Pálma.

- Golfklúbburinn í Borgarnesi er í basli og vill aukna aðkomu hreppsins en gæta þarf að jafnræðisreglum milli íþróttagreina.

- Máni Hilmarsson varð heimsmeistari ungmenna í fimmgangi á HM í Hollandi og við þurfum að muna eftir því að heiðra hann þegar íþróttamaður ársins verður valinn.

Kristín Gunnarsdóttir ritaði.